

4. Fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins Haldinn í SSH, föstudaginn 19. maí 2023, kl. 08.30

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Jakob Einar Jakobsson, Eva Josteinsdóttir (online), Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Elísabet Sveinsdóttir

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerðir 3. apríl / 12. apríl / 17. apríl

Fundargerðir síðastu stjórnarfunda voru lagðar til samþykka og voru samþykktar.

Í framhaldinu var umræða um starfsreglur stjórnar sem og hvernig undirskrift verði háttað í framtíðinni og verður það rætt á vinnufundi stjórnar í lok maí. Drög að starfsreglunum verða sendar stjórn í næstu viku til undirbúnings.

2. Kynning á þróun áfangastaðastofa og umræður (fylgiskjal 1)

Farið var yfir kynningu um áfangastaðastofur til undirbúnings fyrir vinnufund stjórnar.

Kynningin var send með fundargögnum fyrir fundinn. Rætt var sérstaklega um samspil svæðisskipulags, stefnumótunar og áfangastaðaáætlunar. Einnig var sagt frá samstarfi Markaðsstofa landshlutanna sem tekið verður þátt í þegar stofan er komin betur af stað.

3. Verkefni og stjórnarfundir framundan

Farið var yfir helstu verkefni framundan – sagt var sérstaklega frá því að:

- Samningur við Ferðamálastofu er í höfn og fást 11 mkr. á árinu.
- Óskað var eftir því að stjórnarmenn verði látnir vita þegar reikningar til sveitarfélaganna hafa verið sendir út.
- Rætt að framkvæmdastjóri myndi í haust vera viku og viku í hverju sveitarfélagi þar sem stjórnarmenn myndu aðstoða og fara með á fundi með fyrirtækjum og sveitarfélaginu til kynningar og þátttöku í Markaðsstofunni.
- Endurskoðun samninga varðandi áfangastaðastofunnar fyrir 2024 er í vinnslu hjá Ferðamálastofu og er framkvæmdastjóri í því samtali með hinum markaðsstofunum.
- Þórdís Lóa tilkynnti að framkvæmdastjóri muni hér eftir senda út fundarboð fyrir stjórnarfundi til þess að geta betur haldið utan um fundina, dagskrá og fundargögn.

4. Vinnufundur og skipulag

Farið yfir fyrirkomulag á vinnufundinum fyrir norðan.

5. Kynningarfundur fyrir fyrirtæki

Fundurinn verður haldinn á Center Hótel Plaza kl. 14.00-16.00 þann 8. júní. Farið var yfir drög að dagskrá fundarins. Einnig nefnt að gera þarf áætlun um hvernig við náum þátttöku fyrirtækja og eru fundirnir í sveitarfélögunum í haust einn liður í því.

6. Önnur mál

a. Breyting á prókúru

Þórdís Lóa er með prókúru fyrir stofuna en bæta þarf Ingu Hlín við og skrifuðu stjórnarmenn undir þá breytingu fyrir Skattinn og samþykktu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.